

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Bryndís Ósk Jónsdóttir
Dags. 26. mars 2021
Mnr. 2016090029



ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstjórn - Sundabakki framkvæmdir

Á 219. fundi hafnarstjórnar voru kynnt drög að teikningum vegna lengingar Sundabakka og minnisblað Kjartans Eliassonar, f.h. hafnadeildar Vegagerðarinnar, dagsett 15. mars 2021, vegna aukakostnaðar á upptökudokk. Einnig er tiltekið í bréfinu áætlun um tímaramma verkefnisins. Þá kynnti hafnarstjóri stöðu máls vegna aukakostnaðar á upptökudokk við Sundabakka á Ísafirði.

Hafnarstjórn lagði til að farið verði í verkþátt tvö samkvæmt tillögu í minnisblaði og vísaði málinu til bæjarráðs til samþykktar.

Með vísan til erindisbréfs hafnarstjórnar og lögbundins hlutverks hafnarstjórnar skv. hafnalögum nr. 61/2003 skal hafnarstjórn taka ákvarðanir um málefni er varða hafnir, og skal þeim ekki vísað sérstaklega til bæjarráðs til samþykktar.

Lagt er því til að málinu verði vísað aftur til hafnarstjórnar til afgreiðslu.

Ef ekki er gert ráð fyrir kostnaði sem skapast vegna verkefnisins í fjárhagsáætlun 2021 þarf að huga að gerð viðauka með málinu, og myndi hafnarstjórn vísa því til bæjarstjórnar til samþykktar.